

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. október 2016 í máli nr. S-401/2016:

Ákærvaldið

(Auðbjörg Lísu Gústafsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Axel Rúnari Clausen

(Kristján Stefánsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 10. október 2016, er höfðað með ákæru, útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 31. maí 2016, á hendur Axel Rúnari Clausen, kt. 000000-0000, Furugrund 77, Kópavogi, fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot með því að hafa:

1. Föstudaginn 20. nóvember 2015, á höfuðborgarsvæðinu, notað greiðslukort Henry Þórs Reynissonar til að fylla á símainneign hjá Nova að fjárhæð 4.990 krónur.

2. Mánudaginn 5. október 2015, í verslun Krónunnar að Bildshöfða 20 í Reykjavík, stolið kjötvörum, samtals að verðmæti 12.180 krónur.

Teljast brot þessi varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi krefst þess að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákæruliður 1

Málsatvik

Föstudaginn 11. desember 2015 mætti Henry Þór Reynisson hjá lögreglu og lagði fram kæru vegna heimildarlausra úttekta af bankareikningi sínum nr. 0115-26-017080 með debetkorti, sem hann hafði í ógáti skilið eftir í hraðbanka Landsbanka Íslands við Hamraborg í Kópavogi þann 19. nóvember. Framvísaði hann hreyfingaryfirlitum vegna bankareikningsins þar sem fram kom að 20.000 krónur hefðu verið teknar út með kortinu kl. 16 þennan dag. Þá hefði það verið notað í þrígang daginn eftir, kl. 7:48, 8:21 og 9:06, en í öll skiptin hafði verið keypt símainneign hjá símafélaginu Nova. Athugun á upptökum úr eftirlitsmyndavél bankans leiddi í ljós að maður, sem lögregla bar kennsl á sem Ómar Örn Grímsson, hefði tekið peninga út úr hraðbankanum á þeim tíma sem fyrsta óheimila úttektin átti sér stað. Þá var kannað hjá símafélaginu hverjir væru skráðir notendur þeirra símanúmera, sem keyptar voru inneignir fyrir og reyndust það vera ákærði og

nafngreind kona.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 29. desember 2015 viðurkenndi Ómar Örn Grímsson að hafa tekið 20.000 krónur út af bankareikningi kæranda í umrætt sinn. Hann kvaðst ekki muna hvað hann hefði gert við debetkortið, en minnti að hann hefði farið með það í samkvæmi þar sem hann var staddur með ákærða og framangreindri konu. Hann kvaðst ekkert kannast við úttektir af kortinu vegna kaupa á símainneignum daginn eftir.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 14. janúar 2016 og kvaðst hann þá viðurkenna að hafa notað kortið til að kaupa inneign að fjárhæð 4.990 krónur fyrir farsíma sinn í umrætt sinn. Borinn var undir ákærða framburður Ómars Arnar Grímssonar um að hann hefði skilið debetkort kæranda eftir í vörslum ákærða og konunnar og kvaðst hann algerlega gangast við þessu.

Ákærði neitaði sök fyrir dómi. Við aðalmeðferð málsins kvaðst hann hafa talið sig hafa heimild til að nota debetkortið með þeim hætti sem að framan greinir. Hann kvað Ómar Örn hafa haft kortið í fórum sínum og spurt hann hvort hann ætti að kaupa fyrir hann símainneign, sem ákærði kvaðst hafa þegið. Hann hefði gefið Ómar Erni upp símanúmer sitt og hefði Ómar greitt fyrir inneignina á netinu. Ákærði tók fram að hann myndi þetta óljóst, en þó myndi hann að þeir hefðu verið heima hjá honum þegar þetta átti sér stað. Ákærði gaf þá skýringu á framburði sínum hjá lögreglu að hann hefði gert sér grein fyrir því eftir á að kortinu hefði verið stolið.

Við aðalmeðferð málsins upplýsti sækjandi að Ómar Örn Grímsson er nú látinn.

Niðurstaða

Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndi ákærði að hafa notað debetkortið sem um ræðir til að fylla á símainneign sína, eins og lýst er í ákæru, eftir að Ómar Örn Grímsson hefði skilið það eftir í hans vörslu. Var framburður ákærða að þessu leyti í samræmi við lýsingar í framburðarskýrslu Ómars Arnar hjá lögreglu, sem óhætt þykir að leggja til grundvallar í málinu, sbr. 3. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Þykir ákærði ekki hafa gefið trúverðugar skýringar á breyttum framburði sínum fyrir dóminum, en jafnframt er til þess að líta að hann kvaðst þar muna atvik óljóst í umrætt sinn. Samkvæmt framangreindu þykir sannað að ákærði hafi framið þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.

Vegna bókunar í þingbók í þinghaldi 22. júní síðastliðinn var málið sérstaklega flutt með hliðsjón af heimfærslu háttsemi ákærða til refsíákvæða samkvæmt þessum ákærulið. Þykir háttsemin sem ákærði er sakfelldur fyrir réttilega færð undir 244. gr. almennra hegningarlaga, eins og í ákæru greinir.

Ákæruliður 2

Málsatvik

Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglu frá mánudeginum 5. október 2015 voru höfð afskipti af ákærða í verslun Krónunnar við Bildshöfða í Reykjavík. Kemur þar fram að öryggisvörður hafi veitt ákærða eftirför inni í versluninni og séð hann stinga inn á sig vörum. Þetta hafi jafnframt sést í eftirlitsmyndavélum verslunarinnar. Ákærði hafi verið stöðvaður þegar hann var kominn fram fyrir kassa. Í skýrsluna er bókað að hann hafi viðurkennt brotið og sagst hafa verið að ná sér í eitthvað að borða. Nafnritun ákærða er að finna undir bókuninni. Fram kemur í skýrslunni að hún sé rituð klukkan 17:05 og fylgir henni kassastrimill verslunarinnar, prentaður klukkan 17:17, þar sem skráð er ýmiss konar kjötvara, samtals að verðmæti 12.180 krónur. Þá liggja fyrir myndupptök úr eftirlitsmyndavél verslunarinnar.

Ákærði neitaði sök við þingfestingu málsins. Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins kvaðst hann þó þekkja sig á framangreindum myndupptökum og kannast við undirritun sína í vettvangsskýrslu. Spurður um ástæður fyrir breyttum framburði kvaðst ákærði ekki muna atvik í umrætt sinn. Þá kvaðst hann ekki heldur muna hvaða vörur hann hefði sett inn á sig og því ekki geta játað sök samkvæmt ákæru.

E, sem var að störfum sem öryggisvörður í versluninni, kvaðst hafa haft auga með ákærða þar sem honum hefði fundist eitthvað grunsamlegt við hann. Hann hefði gert samstarfsfélaga sínum, sem var við eftirlitsmyndavél verslunarinnar, viðvart. Sá hefði séð í myndavélinni að ákærði var að stinga inn á sig vörum og látið vitnið vita, en þeir hefðu verið í símasambandi á meðan á þessu stóð. Vitnið kvaðst hafa beðið eftir ákærða utan við verslunina og stöðvað hann þegar hann var kominn fram hjá kössum. Hann hefði fylgt ákærða inn á lagersvæði og fengið starfsmann verslunarinnar til að aðstoða sig. Ákærði hefði afhent vörurnar sem hann hefði haft innan klæða, en starfsmaðurinn hefði tekið við þeim, skannað þær inn á kassa og prentað út strimil, sem afhentur var lögreglumönnum sem komu á vettvang. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt þegar þetta var gert.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök og ber fyrir sig minnisleysi um atvik. Meðal gagna málsins er myndupptaka úr öryggismyndavél verslunarinnar í umrætt sinn þar sem ákærði sést taka pakkningar úr kjötkæli og setja í innkaupakörfu. Á síðari myndskaiðum sést hann stinga pakkningum úr innkaupakörfunni inn undir úlpu sína. Þá hefur ákærði kannast við undirritun sína í vettvangsskýrslu lögreglu, þar sem hann játaði þjófnað og gaf þá skýringu að hann hefði verið að ná sér í eitthvað að borða. Samkvæmt framangreindu, og með vísan til vitnisburðar öryggisvarðar

verslunarinnar sem rakinn hefur verið, telst sannað að ákærði hafi framið það brot sem honum er gefið að sök í ákæru og er háttsemin þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í nóvember 1980. Samkvæmt sakavottorði á hann að baki nokkurn sakaferil, allt aftur til ársins 2004. Við ákvörðun refsingar er til þess litið að auðgunarbrot sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu eru ítrekuð, sbr. 71. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður refsing tiltekin eftir reglum 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 286.440 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Auðbjörg Lísu Gústafsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Axel Rúnar Clausen, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 286.440 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir